

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020,
iðnaðarsvæði á Reykjanesi.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. mars 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020 frá 17. desember 2002.

Breytingin felst í minnkun á iðnaðarsvæði á Reykjanesi.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 4. mars 2004.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.